

Mánudaginn 14. desember 1992.

Nr. 31/1992. **Smári Hreiðarsson**

gegn

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.,

Íslandsbanka hf.,

Kópavogskaupstað,

Gjaldheimtunni í Reykjavík,

Ólafi Thoroddsen,

Fjárfestingarfélaginu Skandia hf. og

Hátorgi hf.

Kærumál. Mál fellt niður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 22. janúar 1992. Áfrýjað var þriðja og síðasta nauðungaruppboði, sem fram fór 7. janúar 1992, á fasteigninni Smiðjuvegi 14, 1. hæð vesturhluta, í Kópavogi. Í stefnu kvaðst sóknaraðili gera þær kröfur, „að hið áfrýjaða nauðungaruppboð verði ómerkt og vísað heim til löglegrar meðferðar með eða án nýrra gagna, varna, málsástæðna og krafna, sbr. 45. gr. laga nr. 75 frá 1973“. Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir uppboðsrétti og Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Með bréfi Hæstaréttar 24. júní sl. var þess óskað við embætti bæjarfógetans í Kópavogi, að málið yrði afgreitt til Hæstaréttar sem kærumál. Skjöl málsins bárust Hæstarétti með bréfi sýslumannsins í Kópavogi 17. júlí sl. Í bréfi sýslumannsins kemur fram, að hann hafi tilkynnt aðilum málsins, að skjölin hafi verið send Hæstarétti.

Sóknaraðili hefur ekki sent Hæstarétti greinargerð og ekki tilgreint þær ástæður, sem hann reisir kæru sína á, sbr. c-lið 1. mgr. 145. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Lögmaður sóknaraðila, Gísli G. Ísleifsson hæstaréttarlögmaður, hefur óskað þess, að mál þetta verði fellt niður.

Varnaraðilar Kópavogskaupstaður, Gjaldheimtan í Reykjavík og

Fjárfestingarfélagið Skandia hf. hafa sent Hæstarétti athugasemdir sínar og krafist kærumálskostnaðar.

Samkvæmt framansögðu verður mál þetta fellt niður, en sóknaraðili dæmdur til að greiða kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Mál þetta fellur niður.

Sóknaraðili, Smári Hreiðarsson, greiði varnaraðilum Kópavogsskaupstað, Gjaldheimtunni í Reykjavík og Fjárfestingarfélaginu Skandia hf. 15.000 krónur hverjum í kærumálskostnað.
